

## REGLUR

### **um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.**

#### **Almenn ákvæði.**

##### 1. gr.

###### *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um rekstrarfélög verðbréfasjóða, sbr. 7. tölulið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálfyrirtæki og rekstraraðila sérhæfðra sjóða með starfsleyfi skv. 9. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða (hér eftir í reglum þessum einnig nefnd „félög“).

Reglur þessar gilda um verðbréfasjóði samkvæmt lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði samkvæmt X. kafla laga nr. 45/2020, um sérhæfða sjóði (hér eftir í reglum þessum einnig nefndir „sjóðir“). Reglurnar ná til sérgreindra upplýsinga um framangreinda sjóði í ársreikningum og hálfsársuppgjörum rekstrarfélaga verðbréfasjóða og rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Ef annað er ekki tekið fram í reglum þessum gilda ákvæði laga um ársreikninga, nr. 3/2006, um ársreikninga skv. reglum þessum, eftir því sem við á.

##### 2. gr.

###### *Samning ársreiknings og hálfsársuppgjörs.*

Stjórn og framkvæmdastjóri félags samkvæmt 1. gr. skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár, fyrir félagið og hvern verðbréfasjóð eða fjárfestingarsjóð í rekstri félagsins, sem fylgir ársreikningi félagsins og er hluti hans. Ársreikningar sjóða skulu undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra.

Telji stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri að ekki skuli samþykkja ársreikning félags eða sjóðs, eða hefur mótbárur fram að færa, skal hann undirrita með fyrirvara þar sem mótbáurnar eru tilgreindar.

Semja skal hálfsársuppgjör fyrir félagið og sjóði í rekstri þess miðað við 30. júní ár hvert og birta eigi síðar en 31. ágúst ár hvert. Hálfsársuppgjör félagsins skal a.m.k. innihalda þær upplýsingar sem fram koma í fylgiskjali 4 og hálfsársuppgjör sjóða skal vera í samræmi við 12. gr. reglna þessara.

Eigi félag skv. 1. gr. dótturfélag skal semja samstæðureikningsskil fyrir félagið og dótturfélag þess.

##### 3. gr.

###### *Upplýsingar í ársreikningi.*

Í ársreikningum sjóða skal tilgreina allar upplýsingar sem fjárfestar þurfa til að gera sér grein fyrir þróun á starfsemi sjóðsins og niðurstöðu reksturs hans á árinu.

Arsreikningur sjóðs skal að lágmarki innihalda þær upplýsingar sem fram koma í þessum reglum.

##### A-hluti

#### **Ársreikningur rekstrarfélaga verðbréfasjóða eða rekstraraðila sérhæfðra sjóða.**

##### 4. gr.

###### *Rekstrarreikningur.*

Rekstrarreikningur félags skv. 1. gr. skal gerður þannig að hann gefi glögga mynd af því hvernig hagnaður eða tap á reikningsárinu hefur myndast. Uppsetning og sundurliðun rekstrarreiknings skal vera með þeim hætti sem fram kemur í fylgiskjali 1 með reglum þessum.

Viðkomandi rekstrarliðir skulu sérgreindir nema þeir eigi ekki við eða nemi óverulegum fjárhæðum.

## 5. gr.

*Efnahagsreikningur.*

Efnahagsreikningur félags skv. 1. gr. skal gerður þannig að hann gefi glöggja mynd af eignum, skuldum og eigin fē í lok reikningsárs. Uppsetning og sundurliðun efnahagsreiknings skal vera með þeim hætti sem fram kemur í fylgiskjali 1 með reglum þessum.

Viðkomandi efnahagsliðir skulu sérgreindir nema þeir eigi ekki við eða nemi óverulegum fjárhæðum.

## 6. gr.

*Sjóðstremisýfirlit.*

Félög skv. 1. gr. skulu semja sjóðstremisýfirlit.

## 7. gr.

*Einstakir liðir í efnahagsreikningi.*

Undir efnahagslið 2, *Verðbréf*, skal fāra verðbréf sem er ekki aflað í þeim tilgangi að halda því til varanlegrar eignar í rekstri.

Verðbréf með föstum tekjum annars vegar, sbr. efnahagslið 2.1, og *verðbréf með breytilegum tekjum* hins vegar, sbr. efnahagslið 2.2, skal sundurliða í skýringum í: 1) Skráð á skipulegan verðbréfamarkað, 2) önnur skráð verðbréf og 3) óskráð verðbréf.

Varðandi efnahagslið 2.1, *Verðbréf með föstum tekjum*, skal greina í skýringum frá heildarfjárhæð verðbréfa útgefnum af opinberum aðilum annars vegar og öðrum aðilum hins vegar.

Varðandi efnahagslið 2.2, *Verðbréf með breytilegum tekjum*, skal greina í skýringum frá heildarfjárhæð hlutabréfa annars vegar og hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum hins vegar.

Varðandi efnahagsliði 4.2, *Hlutir í hlutdeildarfélögum*, og 4.3, *Hlutir í tengdum félögum*, skal sýna sundurliðun í skýringum eftir fyrirtækjum, eignarhlutdeild, hagnaðarhlutdeild, nafnverði, markaðsverði og bókfærðu verði.

Varðandi efnahagslið 4.5, *Aðrar eignir*, skal sýna nánari sundurliðun í skýringum, nema þegar um er að ræða óverulegar fjárhæðir. Sé um að ræða hlutabréfa eign samkvæmt þessum efnahagslið skal sýna sambærilega sundurliðun og lýst er í næstu málgrein á undan.

Varðandi efnahagslið 6, *Eigið fé*, skal sýna í skýringum nánari sundurliðun einstakra eiginfjárlíða eftir því sem við á, sbr. enn fremur reglugerð nr. 696/2019 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

## 8. gr.

*Skýringar í ársreikningi rekstrarfélags eða rekstraraðila.*

Auk upplýsinga samkvæmt 7. gr. skal í skýringum gefa upplýsingar um reikningsskilaaðferðir og annað sem máli skiptir við mat á rekstrarfafkomu og fjárhagsstöðu sbr. enn fremur ákvæði laga nr. 3/2006 um ársreikninga og reglugerðar nr. 696/2019 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Greint skal frá heildarfjárhæð eigna viðskiptamanna í eignastýringu og vörslu, á uppgjörsdegi.

Gerð skal grein fyrir eiginfjárgrunnkröfu félags skv. 1. gr., sbr. 14. gr. a. laga um fjármála-fyrirtæki og 15. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Gerð skal grein fyrir áhættugrunni rekstraraðila sérhæfðs sjóðs með viðbótarstarfsheimildir.

Gerð skal grein fyrir eiginfjárútreikningi rekstrarfélags verðbréfasjóðs samkvæmt gildandi reglum um eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja í samræmi við eftirfarandi sundurliðun:

*Áhættugrunnur*

*Eigið fé*

*Eiginfjárhlutfall (%)*

## B-hluti

**Ársreikningur verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða.**

9. gr.

*Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign.*

Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign sjóðs skulu gefa glögga mynd af því hvernig hagnaður eða tap reikningsársins hefur myndast og hvernig eignir sjóðsins hafa breyst á árinu. Í rekstrarreikningi og yfirliti um breytingu á hreinni eign skal veita upplýsingar um öll efnisatriði sem koma fyrir í fylgiskjali 2 með reglum þessum. Heimilt er að bæta við fleiri liðum til að sérgreina upplýsingar um tekjur og gjöld sjóðsins eða annað sem máli skiptir fyrir fjárfesta sjóðsins við mat á rekstrarafríku og breytingu á hreinni eign. Einnig er heimilt að víkja frá niður-röðun efnisatriða og breyta framsetningu í formi sem kemur fram í fylgiskjali 2, vegna liða sem ekki teljast mikilvægir.

Í rekstrarreikningi og yfirliti um breytingu á hreinni eign sjóðs skal sérgreina hvern sjóð í rekstri félags skv. 1. gr. Ef sjóður er deildaskiptur, skal sýna allar sjóðsdeildir hvers sjóðs fyrir sig sundur-liðaðar í ársreikningi. Heimilt er að bæta við samandregnu yfirliti fyrir alla sjóði í rekstri félags skv. 1. gr.

10. gr.

*Efnahagsreikningur.*

Efnahagsreikningur sjóðs skal gerður þannig að hann gefi glögga mynd af eignum og skuldum í lok reikningsárs. Í efnahagsreikningi skal veita upplýsingar um öll efnisatriði sem koma fyrir í fylgiskjali 2 með reglum þessum. Heimilt er að bæta við fleiri liðum til að sundurgreina efnahags-reikning sjóðs. Einnig er heimilt að víkja frá niður-röðun efnisatriða og breyta framsetningu í formi sem kemur fram í fylgiskjali 2, vegna liða sem ekki teljast mikilvægir.

Efnahagsreikningur sjóðs skal vera sérgreindur fyrir hvern sjóð í rekstri félags skv. 1. gr. Ef sjóður er deildaskiptur, skal sýna allar sjóðsdeildir hvers sjóðs fyrir sig sundurliðaðar í ársreikningi. Heimilt er að bæta við samandregnu yfirliti fyrir alla sjóði í rekstri félags skv. 1. gr.

11. gr.

*Matsaðferðir.*

Meta skal eignir verðbréfasjóðs í samræmi við III. kafla reglugerðar um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða, innlausn, markaðssetningu erlendra sjóða og upplýsingagjöf, nr. 1166/2013, sbr. lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði. Meta skal eignir fjárfestingarsjóðs í samræmi við 26. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfða sjóða og reglugerð framkvæmdastjórnar ESB nr. 231/2013 (AIFMR), sem innleidd var með reglugerð um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 555/2020.

12. gr.

*Gerð hálfársuppgjörs.*

Við gerð hálfársreiknings sjóðs skal að lágmarki veita þær upplýsingar sem koma fyrir í fylgiskjali 4 með þessum reglum og þær skýringar sem fjallað er um í 2.-4. mgr. 13. gr. og 1.-3. og 7. tölul. 5. mgr. 13. gr. í reglum þessum. Heimilt er að veita sömu upplýsingar í hálfársuppgjöri og eiga að koma fram í ársreikningi.

Hafi sjóður á tímabilinu greitt eða hyggst greiða arð, skulu tölur sýna niðurstöðu tímabilsins eftir skatta og þann arð sem greiddur hefur verið eða til stendur að greiða.

13. gr.

*Skýringar.*

Í skýringum með ársreikningi skal gefa upplýsingar um reikningsskilaaðferðir og annað sem máli skiptir við mat á rekstrarafríku og fjárhagsstöðu sjóðsins á tímabilinu.

Veita skal í skýringum upplýsingar um þau atriði sem talin eru upp í 3. mgr. þessarar greinar með vísan til viðeigandi liða í ársreikningi. Upplýsingarnar skulu sérgreindar fyrir hvern verðbréfasjóð, fjárfestingarsjóð eða sjóðsdeild þar sem fram komi sundurliðun fjármálagerninga undir hverjum flokki.

Gera skal grein fyrir hlutfallslegri skiptingu á eignasafni sjóðsins á milli:

1. Framseljanlegra verðbréfa og peningamarkaðsgerninga sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði. Greina skal á milli hlutabréfa, skuldabréfa og annarra verðbréfa.
2. Framseljanlegra verðbréfa og peningamarkaðsgerninga sem ganga kaupum og sölum á öðrum markaði en skipulegum verðbréfamarkaði innan Evrópska efnahagssvæðisins, sem er opin almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan.
3. Nýútgefina verðbréfa sem skuldbundið er að skrá á skipulegan verðbréfamarkað.
4. Hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða og sambærilegra erlendra sjóða.
5. Hlutdeildarskírteina fjárfestingarsjóða og sambærilegra erlendra sjóða.
6. Annarra hlutdeildarskírteina.
7. Innlána hjá lánastofnunum.
8. Afleiðusamninga skráða á skipulegum verðbréfamarkaði.
9. Afleiðusamninga utan skipulegra verðbréfamarkaða.
10. Peningamarkaðsgerninga utan skipulegra verðbréfamarkaða.
11. Annarra fjármálagerninga.

Eignir sem taldar eru upp í 3. mgr. þessarar greinar skal greina niður á helstu áherslur í fjárfestingarstefnu sjóðsins, svo sem atvinnugreinar, landsvæði eða gjaldmiðla. Sýna skal virði eigna og hlutfall þeirra af heildareignum sjóðsins. Upplýsingarnar skal sundurgreina á útgefanda og flokka skv. liðum 1-9 í 3. mgr. þessarar greinar. Upplýsingarnar skal setja fram í töflum þar sem áherslur sjóðsins koma fram, sbr. fylgiskjal 3 með þessum reglum, og skal hver tafla einungis innihalda upplýsingar um eina áherslu úr fjárfestingarstefnunni.

Einnig skal í skýringum veita eftirfarandi upplýsingar:

1. Sundurliðun á breytingu á tíu stærstu eignum sjóðsins á milli tímabila. Sýna skal breyttingarnar bæði með tilliti til virðis eigna og hlutfalls þeirra af heildareignum sjóðsins.
2. Gera skal grein fyrir uppsöfnuðum heildarkaupum og heildarsölum á öllum framseljanlegum verðbréfum og fjárfestingum sjóðsins á reikningsárinu.
3. Setja skal fram samanburðartölur fyrir þrjú síðastliðin reikningsár, sem skulu hafa að geyma miðað við lok hvers reikningsárs:
  - a. bókfært verðmæti hlutdeildarskírteina,
  - b. gengi hlutdeildarskírteina og
  - c. nafn- og raunávöxtun sjóðsins.
4. Gera skal lýsingu á því hvernig afleiðuviðskiptum er háttar hjá sjóðnum og veita upplýsingar um aðferðir og gerninga sem sjóðurinn notar til að auka skilvirkni í stýringu eignasafna. Í lýsingunni skulu koma fram upplýsingar um tegundir afleiðuviðskipta, undirliggjandi eignir og, ef við á, upplýsingar um eðli áhættuvarna við að minnka mótaðilaáhættu og kostnað sem af þeim hefur hlotist. Einnig skal koma fram hver sé tilgangur afleiðuviðskipta sjóðsins ásamt upplýsingum um þá áhættu sem fylgir viðskiptunum og áhrif þeirra á sjóðinn. Upplýsa skal um hvaða aðferð sjóðurinn notar við útreikning á heildaráhættu sjóðsins.
5. Setja skal fram lista yfir gengi gjaldmiðla vegna erlendra eigna sjóðsins, eftir því sem við á.
6. Vísítölusjóður skal veita upplýsingar um hversu mikil fylgnifrávik (e. tracking error) frá vísítölunni, sem sjóðurinn fylgir, var við lok tímabilsins ásamt útskýringum á muninum á væntu fylgnifráviki og raunverulegu fylgnifráviki. Vísítölusjóður skal einnig veita upplýsingar um fylgnifrávik á ávöxtun sjóðsins og vísítölunni sem hann fylgir.
7. Veita skal upplýsingar um helstu atriði sem varða starfsemi sjóðsins á tímabilinu, svo sem breytingar sem gerðar eru á reglum sjóðsins, breytingar á áherslum í fjárfestingum eða markmiðum sjóðsins. Heimilt er að veita slíkar upplýsingar í formi skýrslu sem fylgir ársreikningi hvers sjóðs, eða í formi greinargerðar sem hluta af ársskýrslu félagsins.

14. gr.

*Innleiðing og gildistaka.*

Með reglum þessum eru tekin upp ákvæði um ársreikninga verðbréfasjóða samkvæmt IX. kafla tilskipunar Evrópupingsins og ráðsins 2009/65/EB, um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS), svo og fylgiskjali B við sömu tilskipun.

Nr. 1240

14. desember 2020

Reglur þessar eru settar með heimild í 2. mgr. 88. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sbr. 49. gr. laga um verðbréfasjóði, nr. 128/2011, sbr. enn fremur 24. gr. reglugerðar um fjárfest- ingarheimildir verðbréfasjóða, innlausn, markaðssetningu erlendra sjóða og upplýsingagjöf, nr. 1166/2013, og 1. tölul. 2. mgr. 117. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020.

Reglurnar öðlast gildi nú þegar og koma fyrst til framkvæmda við gerð ársreikninga fyrir árið 2020 og síðan við gerð hálfssársuppgjörs miðað við 30. júní 2021. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 97/2004, um reikningsskil verðbréfasjóða, sbr. breytingarreglur nr. 1065/2009, og reglur nr. 1060/2015 um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

*Seðlabanka Íslands, 14. desember 2020.*

**Ásgeir Jónsson**  
seðlabankastjóri.

**Rannveig Júníusdóttir**  
framkvæmdastjóri.

**Fylgiskjal 1.**

**Rekstrarreikningur rekstrarfélags eða rekstraraðila**

1. *Rekstrartekjur:*

- 1.1 Umsýsluþóknun
- 1.2 Sölubóknun
- 1.3 Fjármunatekjur
- 1.4 Aðrar rekstrartekjur
  - Heildartekjur*
  - 1.5 Fjármagnsgjöld
    - Hreinar rekstrartekjur*

2. *Rekstrargjöld:*

- 2.1 Laun og launatengd gjöld
- 2.2 Þjónustugjöld
- 2.3 Annar rekstrarkostnaður
- 2.4 Afskriftir rekstrarfármuna
  - Rekstrargjöld*

3. *Hagnaður af reglulegri starfsemi fyrir skatta*

4. *Skattar:*

- 4.1 Tekjuskattur
- 4.2 Eignaskattur
  - Samtals*

5. *Óreglulegir liðir*

6. *Hagnaður*

**Efnahagsreikningur rekstrarfélags eða rekstraraðila**

**Eignir**

1. *Óefnislegar eignir*

2. *Verðbréf:*

- 2.1 Verðbréf með föstum tekjum
- 2.2 Verðbréf með breytilegum tekjum
  - Verðbréf samtals*

3. *Kröfur:*

- 3.1 Viðskiptakröfur
- 3.2 Kröfur á tengd félög
- 3.3 Kröfur á tengda aðila
- 3.4 Kröfur á hlutdeildarfélög
- 3.5 Aðrar kröfur
  - Kröfur samtals*

4. *Aðrar eignir:*

- 4.1 Rekstrarfjármunir
- 4.2 Hlutir í hlutdeildarfélögum
- 4.3 Hlutir í tengdum félögum
- 4.4 Handbært fé og ígildi handbærs fjár
- 4.5 Aðrar eignir

*Aðrar eignir samtals*

5. *Fyrirframgreiddur kostnaður og áfallnar tekjur*

**Eignir samtals**

**Eigið fé og skuldir**

6. *Eigið fé:*

- 6.1 Hlutafé
- 6.2 Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár
- 6.3 Endurmatsreikningur
- 6.4 Lögbundinn varasjóður
- 6.5 Annað bundið eigið fé
- 6.6 Óráðstafað eigið fé

*Eigið fé samtals*

7. *Skuldbindingar og víkjandi lán:*

- 7.1 Lífeyrisskuldbindingar
- 7.2 Skattaskuldbindingar
- 7.3 Víkjandi lán
- 7.4 Aðrar skuldbindingar

8. *Aðrar skuldir:*

- 8.1 Lántökur
- 8.2 Skuldir við tengd félög
- 8.3 Skuldir við aðra tengda aðila
- 8.4 Skuldir við hlutdeildarfélög
- 8.5 Skuldir við lánastofnanir
- 8.6 Reiknaðir skattar
- 8.7 Aðrar skuldir

9. *Áfallinn kostnaður og fyrirfram innheimtar tekjur*

*Skuldir samtals*

**Eigið fé og skuldir samtals**

Nr. 1240

14. desember 2020

## Fylgiskjal 2.

**Rekstrarreikningur, yfirlit um breytingu á hreinni eign og  
efnahagsreikningur verðbréfasjóðs eða fjárfestingarsjóðs.**

### **Rekstrarreikningur**

#### **Tekjur**

Arður  
Vextir  
Verðbætur  
Vextir af innlánum lánastofnana  
Aðrar tekjur

#### **Heildartekjur**

#### **Gjöld**

Umsýslubóknun rekstrarfélags/rekstraraðila  
Vörslubóknun  
Árangurstengd þóknun rekstrarfélags/rekstraraðila  
Aðrar þóknanir  
Vextir og verðbætur  
Skattar  
Viðskiptakostnaður  
Önnur gjöld og kostnaður

#### **Heildargjöld**

##### **Hreinar tekjur/gjöld**

##### **Innleystur hagnaður/tap af fjárfestingum**

##### **Óinnleystur hagnaður/tap af fjárfestingum**

##### **Hagnaður/tap af rekstri sjóðsins**

### **Yfirlit um breytingu á hreinni eign sjóðsins**

#### **Hrein eign í byrjun árs**

Hagnaður/tap af rekstri sjóðsins  
Seld hlutdeildarskírteini  
Innleyst hlutdeildarskírteini  
Greiddur arður

#### **Hrein eign í lok árs**

### **Efnahagsreikningur**

#### **Eignir**

#### **Fjárfestingar**

Verðbréf  
Peningamarkaðsgerningar  
Hlutdeildarskírteini  
Innlán hjá lánastofnunum  
Afleiður

Nr. 1240

14. desember 2020

### **Aðrar eignir**

Innlán hjá lánastofnunum  
Aðrar eignir

### **Eignir samtals**

### **Skuldir**

Skammtímalán  
Afleiður  
Skuld við rekstrarfélag/rekstraraðila  
Skuld við vörlufyrirtæki  
Aðrar skuldir

### **Skuldir samtals**

### **Hrein eign**

**Fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina**

**Gengi hlutdeildarskírteina**

**Fylgiskjal 3.****Sundurliðun fjárfestinga verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða eða sjóðsdeildar.**

Skipta skal eignum sjóðsins niður á áherslur sem falla best að fjárfestingarstefnu sjóðsins, sbr. 3. mgr. 14. gr. reglnanna. Skipting getur verið eftir atvinnugreinum, landsvæðum, gjaldmiðlum eða annars konar áherslum sem falla að fjárfestingarstefnu sjóðsins. Að lágmarki skal sundurliða fjárfestingar eins og sýnt er í töluliðum 1-11 í töflunum hér að neðan. Hverja áherslu fyrir sig skal flokka, og veita upplýsingar um virði í kr. og sem hlutfall af heildareignum í stýringu sjóðsins. Í þessu fylgiskjali má einnig sjá dæmi um framsetningu upplýsinga vegna fjárfestinga sem tengjast atvinnugreinum.

**Sundurliðun fjármálagerninga og innlána:**

	Ríki, sveitarfélög eða alþjóðlegar stofnanir útg. eða í ábyrgð m.kr.	Skuldabréf m.kr.	Hlutabréf m.kr.	Annað m.kr.	Samtals m.kr.
1. Framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði.					
2. Framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar sem ganga kaupum og sölum á öðrum markaði en skipulegum verðbréfamarkaði innan Evrópska efnahagssvæðisins, sem er opin almenningi, starfar reglulega og lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan.					
3. Nýútgefín verðbréf sem skuldbundið er að skrá á skipulegan verðbréfamarkað.					
4. Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða eða sambærilegra erlendra sjóða.					
5. Hlutdeildarskírteini fjárfestingarsjóða og sambærilegra erlendra sjóða.					
6. Önnur hlutdeildarskírteini.					
7. Innlán hjá lánastofnunum.					
8. Afleiðusamningar skráðir á skipulegan verðbréfamarkað.					
9. Afleiðusamningar utan skipulegra verðbréfamarkaða.					
10. Peningamarkaðsgerningar utan skipulegra verðbréfamarkaða.					
11. Aðrir fjármálagerningar.					
Samtals					

**Hlutfallsleg skipting fjármálagerninga og innlána:**

	Ríki, sveitarfélög eða alþjóðlegar stofnanir útg. eða í ábyrgð %	Skuldabréf %	Hlutabréf %	Annað %	Samtals %
1. Framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði.					
2. Framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar sem ganga kaupum og sölum á öðrum markaði en skipulegum verðbréfamarkaði innan Evrópska efnahagssvæðisins, sem er opin almenningi, starfar reglulega og lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan.					
3. Nýútefin verðbréf sem skuld- bundið er að skrá á skipulegan verðbréfamarkað.					
4. Hlutdeildarskírteini verðbréfa- sjóða eða sambærilegra erlendra sjóða.					
5. Hlutdeildarskírteini fjárfestingar- sjóða og sambærilegra erlendra sjóða.					
6. Önnur hlutdeildarskírteini.					
7. Innlán hjá lánastofnunum.					
8. Afleiðusamningar skráðir á skipulegan verðbréfamarkað.					
9. Afleiðusamningar utan skipu- legra verðbréfamarkaða.					
10. Peningamarkaðsgerningar utan skipulegra verðbréfamarkaða.					
11. Aðrir fjármálagerningar.					
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%

Nr. 1240

14. desember 2020

**Flokkun fjárfestinga eftir atvinnugreinum:**

Atvinnugreinar	virði í kr.	% af eignum
Atvinnurekstur innan heimilis, þjónustustarfsemi		
Bílaviðgerðir og viðhald		
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð		
Fasteignaviðskipti		
Félagasamtök		
Fiskveiðar og fiskeldi		
Fiskvinnsla		
Fjármála- og vátryggingastarfsemi		
Flutningar og geymsla		
Fraðslustarfsemi		
Heilbrigðis- og félagsþjónusta		
Heild- og smásöluverslun		
Landbúnaður og skógrækt		
Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta		
Lífeyrissjóðir		
Matvæla- og drykkjarframleiðsla		
Menningar-, íþróttar- og tómstundastarfsemi		
Námugröttur og vinnsla hráefna úr jörðu		
Opinber stjórnsýsla og varnarmál; almannatryggingar		
Rafmagns-, gas- og hitaveitur		
Rekstur gististaða og veitingarekstur		
Sérfræðileg, ví sindaleg og tæknileg starfsemi		
Starfsemi alþjóðlegra stofnana og samtaka með úrlendisrétt		
Starfsemi eignarhaldsfélaga		
Starfsemi höfuðstöðva		
Starfsemi stofnana og samtaka með úrlendisrétt		
Upplýsingar og fjarskipti		
Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun		
Önnur framleiðsla		
Önnur þjónustustarfsemi		
Samtals	.... kr.	.... %

**Fylgiskjal 4.**

Eftirfarandi upplýsingar skulu að lágmarki koma fram í hálfssársuppgjöri.

Hafi verðbréfa- eða fjárfestingarsjóður á tímabilinu greitt eða hyggst greiða arð, skulu tölur sýna niðurstöðu tímabilsins eftir skatta og þann arð sem greiddur hefur verið eða til stendur að greiða.

**I. Efnahagsreikningur.**

Framseljanleg verðbréf

Óskráð verðbréf og peningamarkaðsskjöl

Bankainnstæður

Aðrar eignir

Heildareignir

Skuldir

Hrein eign

**II. Fjöldi hlutdeildarskírteina.****III. Gengi hlutdeildarskírteinis.****IV. Eignasafn þar sem fjárfestingar eru sundurliðaðar á eftirfarandi hátt:**

- (a) framseljanleg verðbréf sem hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir;
- (b) framseljanleg verðbréf sem ganga kaupum og sölum á öðrum markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins sem er opin almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan og/eða hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins eða ganga kaupum og sölum á öðrum markaði í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem er opin almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan;
- (c) nýútgefnun verðbréfum, enda sé í skilmálum vegna útgáfu þeirra skuldbinding um að sótt verði um skráningu verðbréfanna á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir. Skráning verðbréfa samkvæmt þessu ákvæði skal fara fram eigi síðar en einu ári frá útgáfu þeirra;
- (d) óskráð verðbréf og peningamarkaðsskjöl.

Við sundurliðun framangreindra upplýsinga ber að taka tillit til ákvæða í fjárfestingarstefnu verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðs er varða t.d. fjárfestingar í erlendum verðbréfum eða erlendri mynt. Þá skal tekið fram hvort hlutfall hvorrar tegundar fjárfestingar er af heildareignum sjóðsins.

Hafi orðið breytingar á eignasamsetningu sjóðsins á tímabilinu skal tilgreina hvaða breytingar hafa verið gerðar.